

SKJALDKIRTILL: VANSTARFSEMI Á MEÐGÖNGU

EFTIRLIT OG MEÐFERÐ HJÁ BARNSHAFANDI KONUM MEÐ ÞEKKTA VANSTARFSEMI FYRIR MEÐGÖNGU

Margar konur með vanstarfsemi skjaldkirtils/skjaldvakabrest eru í góðu eftirliti fyrir þungun. Við staðfestingu á þungun má auka skammt Levaxins/Euthyrox um 20-25% strax og mæla þá TSH gildi 3-4 vikum síðar. Þetta er ekki alltaf mögulegt því upplýsingar um sjúkdóma konunnar liggja ekki fyrir, en þá er þessu sinnt við fyrstu komu í mæðravernd. Ómeðhöndluð vanstarfsemi skjaldkirtils á meðgöngu getur haft í för með sér m.a. vaxtarskerðingu, fyrirburafæðingu, greindarskerðingu og preeclampsíu.

Flestar konur með þekkta vanstarfsemi skjaldkirtils/skjaldvakabrest eru í eftirliti hjá ljósmóður og heimilislækni. Þær konur sem hafa fyrri sögu um Graves sjúkdóm ættu þó að fá viðtal við fæðingalækni. Hjá þeim er kannað mótefnið TRAb (TSH receptor antibody) þar sem þessi mótefni fara yfir fylgju og geta valdið ofstarfsemi skjaldkirtils hjá fóstri.

EFTIRLIT:

- Mæla s-TSH við fyrstu komu í mæðravernd.
- Mæla s-TSH 4 -6 vikum eftir skammtabreytingu.
- Mæla s-TSH einu sinni á hverjum þriðjungi meðgöngu ef meðferðin er fullnægjandi (euthyroid)

Viðmiðunargildin fyrir TSH eru eftirfarandi:

- á 1. þriðjungi meðgöngu s-TSH < 2,5 mu/l
- á 2. og 3. þriðjungi meðgöngu s-TSH < 3,0 mu/l

MEÐFERÐ:

Ef TSH gildi eru of há kalla þau á skammtaaukningu á skjaldkirtilslyfi.

Viðmiðunarregla um skammtaaukningu:

- TSH 3 - 5: Auka vikuskammt um 150-200 µg
- TSH 5 - 10: Auka dagskammt um 25-50 µg
- TSH 10 - 20: Auka dagskammt um 50-75 µg
- TSH > 20: Auka dagskammt um 75-100 µg

Ef TSH gildin mælast > 10 ætti að fá ráðgjöf fæðingarlæknis þar sem auka þarf eftirlit og fá vaxtarsónar við 32-34 vikna meðgöngu.

EFTIRLIT EFTIR FÆÐINGU:

Konur sem hafa aukið skammt skjaldkirtilslyfs á meðgöngu geta öllu jafnan tekið sama skammt eftir fæðingu og þær voru á fyrir þungun. Ef kona greinst á meðgöngu með vanstarfsemi skjaldkirtils og hefur aðeins þurft lítinn skammt af lyfi (≤ 50 µg) má hætta lyfjatöku við fæðingu og mæla TSH 6 vikum eftir fæðingu.

MÆÐRAVERND PRÓUNARVIÐS HH, MARS 2018